

**Ed. 118. Frumvarp til laga [107. mál]**  
um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

c-liður 10. gr. orðist svo:  
Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og  
Ferðaskrifstofa ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lagabreyting þessi er gerð vegna þess ákvæðis í 13. gr. laga nr. 60 31. mars  
1976 um skipulag ferðamála, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli greiða landsútsvar.